

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 23. fundur.

að Hlíðavegi 6, 23. ágúst 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Byggingarnefndar frá 4. júlí.
3. Fundargerð Veitnanefndar frá 12. júlí.
4. Sumartónleikar við Mývatn, styrkbeiðni.
5. Erindi frá Grænum Lausnum ehf og landeigendum Voga og Reykjahlíðar vegna GSM sambands.
6. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 31. júlí.
7. Tilboð vegna endurnýjunar aðveituæða.
8. Tilboð vegna sparkvallar.
9. Grændarkynning vegna óska Eldár ehf um leyfi til reksturs gistingar að Helluhrauni 16.
10. Aðal - og deiliskipulag við Dimmuborgir.
11. Erindi frá formanni samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum vegna óska Landsvirkjunar um útvíkkun orkuvinnslusvæðis við Rauðhól.
12. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 21. ágúst.
13. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til borunar tveggja rannsóknarhola á Kröflusvæðinu.
14. Erindi frá Ásgeiri Kristjánssyni, ósk um tengingu við vatnsveitur sveitarfélagsins fyrir frístundahús á lóð nr. 4 við Birkiland.

Til kynningar:

Fundargerðir samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. 23. júní og 23. júlí.

Fundargerð stjórnar Eypings, 182. fundur.

Ályktun frá stjórn Eypings dags. 12. júlí.
Fundargerð stjórnar Seljum Norðurljósin dags. 26. júlí.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 13 og 14 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Byggingarnefndar frá 4. júlí.

Liður 3, ósk um stöðuleyfi fyrir smáhýsi við Skjólbrekku, liður 4, ósk um stöðuleyfi fyrir fimm smáhýsum við Geiteyjarströnd 1, liður 5, ósk um leyfi til að setja upp sendistöð á Ytri-Selbungu í landi Helluvaðs, liður 15, ósk um byggingaleyfi fyrir aðstöðu- og geymsluhús við Dimmuborgir, liður 16, ósk um heimild til uppsetingar á jarðskjálftamæli við Öskju, eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn samþykkti afgreiðslu byggingarnefndar með tölvopósti 9. júlí.

3. Fundargerð Veitnanefndar frá 12. júlí.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að verkfræðingur hjá Fjarhitun verkfærðistofu, sem fenginn var til að gera úttekt á veitum sveitarfélagsins telji að hægt sé að verða við óskum eigenda Voga 3 og tengja frístundahúsabyggð við Birkiland við veituna án þess að það hafi áhrif á þá sem fyrir eru á lögninni. Veitnanefnd mælir því með því við sveitarstjórn að heimila umbeðna tengingu með nokkrum skilyrðum. Eftir miklar umræður um málið samþykkir sveitarstjórn fundargerð Veitnanefndar en gerir þær breytingar á tillögu nefndarinnar að lagðar verði lagnir fyrir heitt og kalt vatn í frístundahúsabyggðina við Birkiland. Sett verði sérverðskrá fyrir þetta frístundahúsahverfi sem taki mið af kostnaði við framkvæmdina. Þá skuldbindi landeigandi sig til að greiða tengigjöld sem samsvarar fimmtán sumarhúsum, að tíu árum liðnum, hafi þau ekki þegar risið. Að öðrum kosti mismun á fjölda þeirra húsa sem risinn verður, upp að fimmtán. Samþykkt að fela sveitarstjóra að láta hanna og gera kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina svo framkvæmdir geti hafist sem fyrst. Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsin, sæti hans tók Elín Steingrímsdóttir.

4. Sumartónleikar við Mývatn, styrkbeiðni.

Fyrir liggur erindi frá Margréti Bóasdóttur f.h. Sumartónleika við Mývatn, þar sem óskað er eftir 80 þús. kr. styrk fyrir verkefnið. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

5. Erindi frá Grænum Lausnum ehf og landeigendum Voga og Reykjahlíðar vegna GSM sambands.

Fyrir liggur erindi frá Grænum Lausnum og landeigendum Voga og Reykjahlíðar þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn beiti sér fyrir því að fjarmagni verði veitt úr Fjarskiptasjóði svo varanleg lausn finnist á stopulu GSM sambandi víða í sveitarfélaginu m.a. á vinsælustu ferðamannastöðunum. Sveitarstjórn samþykkir að áframsenda erindið til samgönguyfirvalda og ítreka mikilvægi þess að GSM samband í Mývatnssveit verði bætt verulega.

6. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 31. júlí.

Í fundargerð Landbúnaðarnefndar kemur fram að jafnað hafi verið niður 150 dagsverkum í göngum á Austurafrétti en tilhögun gangna á Suðurafrétti verði með saman sniði og sl. ár. Fyrstu göngur ákveðnar 24. ágúst og réttað í báðum réttum 26. ágúst. Nýr réttarstjóri á Hlíðarrétt er Halldór Arnason. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

7. Tilboð vegna endurnýjunar aðveitaæða.

Sveitarstjórn ákvað að haldið yrði lokað útboð vegna endurnýjunar aðveitaæða sveitarfélagsins. Tilboðsgögn voru send til þriggja aðila, þeirra Jóns Inga Hinrikssonar, Þórhalls Kristjánssonar og Malarvinnslunnar. Tilboð bárust frá Jóni Inga Hinrikssyni og Malarvinnslunni. Tilboðin voru opnuð 17. júlí og átti Jón Ingi lægra tilboðið sem hljóði uppá 81,6% af kostnaðaráætlun en tilboð Malarvinnslunnar var 215% af kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkti með tölvupósti 23. júlí að taka tilboði Jóns Inga í verkið.

8. Tilboð vegna sparkvallar.

Sveitarstjórn ákvað að leita til Jóns Inga Hinrikssonar, Þórhalls Kristjánssonar og Malarvinnslunnar og óska eftir tilboði í jarðvegs- og steypuvinnu við nýjan sparkvöll sem staðsettur er vestan grunnskólans. Tilboð barst frá Jóni Inga er innihélt jarðvinnu af hans hálfu og steypar einingar frá Malarvinnslunni. Sveitarstjórn hafnaði tilboðinu en ákvað að semja við Jón Inga um jarðvegsvinnuna á grundvelli tilboðsins. Leitað var til Norðurvíkur á Húsavík um steypuvinnuna.

9. Grenndarkynning vegna óska Eldár ehf um leyfi til reksturs gistingar að Helluhrauni 16.

Með bréfi dags. 10. júlí óskaði sveitarstjórn eftir athugasemdum frá eigendum og íbúum Helluhrauns vegna umsóknar Eldár ehf. um leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili að Helluhrauni 16. Athugasemdafrestur var til 7. ágúst.

Eftirtöldum eigendum húsnaðis við Helluhraun var sent bréfið.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga v/ Helluhrauns 17

Helluholti ehf v/Helluhrauns 16

Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 15

Magnúsi Ómari Stefánssyni og Unni Sigurðardóttur v/Helluhrauns 14

Ásdísi Illugadóttur v/Helluhrauns 13

Öglu Rögnvaldsdóttur og Karli E. Sveinssyni v/Helluhrauns 12

Skútustaðahreppi v/Helluhrauns 10 og 18

Landsvirkjun v/Helluhrauns 11

Helluholti ehf. v/Helluhrauns 7 og 9

Álfdísi Sigurgeirsdóttur v/Helluhrauns 6

Sigurði Kára Sigfússyni og Margréti Hróarsdóttur v/Helluhrauns 5
 Sverri Karlssyni v/Helluhrauns 4
 Sparisjóði S-Þingeyinga v/Helluhrauns 3
 Karli Viðari Pálssyni v/Helluhrauns 2
 Norrænu Eldfjallastöðinni v/Helluhrauns 1

Þrjár athugasemdir bárust fyrir tilskilinn tíma, ein degi síðar. Athugasemdirnar eru samhljóða þess efnis að nú sé mál að linni. Sá gistirekstur sem þegar er fyrir í götunni skapi aukna umferð og ónæði, auk bílastæðavandamála. Einnig hefur fólk áhyggjur af því að eignir þeirra falli í verði. Þá koma líka fram áhyggjur vegna skerts aðgengis að Heilsugæslustöðinni með tilkomu gistirekstrar að Helluhrauni 16.

Sveitarstjórn getur tekið undir með íbúum Helluhrauns að aukinn gistirekstur í götunni þýði aukna umferð og ónæði. Þá tekur sveitarstjórn undir með íbúum götunnar að gisirekstur að Helluhrauni 16 getur að óbreyttu teppt aðgengi að Heilsugæslustöðinni.

Sveitarstjórn hafnaði með þremur atkvæðum gegn tveimur að verða við óskum Eldár ehf. um leyfi til reksturs gistingar að Helluhrauni 16.

10. Aðal – og deiliskipulag við Dimmuborgir.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við skipulagsbreytingunum kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við að í aðalskipulagi sé skilgreind lóð við Dimmuborgir sem stofnanasvæði en gerir athugasemdir við einstök atriði skipulagstillögunnar. Stofnunin telur óþarft að stofnanalóðin nái inn á hraunjaðarinn til suðurs, eðlilegra sé að laga lóðarmörk að þeirri þörf sem til staðar sé svo að hraunjaðarinn verði verndaður fyrir raski. Hvað deiliskipulagstillöguna varðar er Umhverfisstofnun ekki sannfærð um að vel fari að hafa hámarks mænishæð 7,5 m. eða að hafa mjög stóra glugga sem geta gefi endurskin frá sólu og telur að engin ástæða sé til að láta byggingar draga athygli frá náttúrufegurð Dimmuborga og landslagi svæðisins. Einnig veltir stofnunin upp þeirri spurningu hvort þörf sé á 2000 m². byggingu. Sveitarstjórn telur að athugasemdir Umhverfisstofnunar séu ekki þess eðlis að tilefni sé til að breyta skipulagstillögunum, en mun koma þeim á framfæri við Landgræðslu ríkisins.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagstillögunar óbreyttar.

11. Erindi frá formanni samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum vegna óska Landsvirkjunar um útvíkkun orkuvinnslusvæðis við Rauðhól.

Landsvirkjun sendi erindi sitt til samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða, sem áframsendi erindið til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Landsvirkjun fer fram á að orkuvinnslusvæði á norðurhluta Kröflusvæðisins verði stækkað til vesturs eins og teiknað sé inn á m.f. loftmynd. Rökin fyrir beiðninni er að nýlokið er við að bora rannsóknarholu á borteig við Rauðhól (KJ-35) sem skáboruð var til vesturs undir Leirhnjúkshraun. Allt bendi til að þar undir sé öflugt jarðhitasvæði. Endanlega fáist þó ekki úr því skorið hversu öflugt það er fyrr en eftir nokkra mánuði. Til að tryggja aðgengi að þessum hltua jarðhitakerfisins í Kröflu, ef væntingar ganga eftir um styrk þess, er talið nauðsynlegt að stækka það að lámarki eins og m.f. loftmynd sýnir. Meirihluti sveitarstjórnar ásamt forsvarsmönnum Landsvirkjunar fóru í skoðunarferð á

áður nefnt svæði. Eftir þá ferð telur sveitarstjórn að ásættanlegt sé að mæta Landsvirkjun á miðri leið og að tekinn verði GPS punktur í kvos vestan við Rauðhól sem endapunktur á umbeðna útvíkkun. Böðvar og Kristján tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins, í þeirra stað komu Elín Steingrímisdóttir og Kári Þorgrímsson.

12. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 21. ágúst.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að vinna við heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins hefur legið niðri í sumar, einnig kemur fram að beðið er eftir tilboði í kostnaðar- og tímaáætlun frá Teiknistofu Arkitekta og mun það væntanlegt á næstunni. Í þriðja lið fundargerðarinnar skorar Atvinnumálanefnd á sveitarstjórn að spyrjast fyrir um það hjá ríkisvaldinu hvað varð af 90. milljónum kr. sem er mismunur á því fé sem lagt var til sem hlutafé í Grænum Launsum og 200. milljónum kr. sem lofað var í gegnum Nýsköpunarsjóð til atvinnuuppbyggingar í hreppnum við lokun Kísiliðjunnar. Þá bendir nefndin á að þegar Kísiliðjan var seld átti að nýta söluandvirðið til styrkingar atvinnulífs á svæðinu. 20. milljónum kr. af því fé var varið til kaupa á hlut í Baðfélaginu. Fyrir skömmu seldi ríkisvaldið sinn hlut með hagnaði og telur Atvinnumálanefnd að eðlilegt sé að það fé verði aftur lagt til eflingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

13. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi til borunar tveggja rannsóknarhola á Kröflusvæðinu.

Með bréfi dags. 21. ágúst óskar Landsvirkjun eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun tveggja 2000 – 2500 m. viðbótarrannsóknarhola á norðurhluta Kröflusvæðisins. Tilgangurinn er að kanna nánar norðurhluta jarðhitakerfis Kröflusvæðisins til öflunar gufu fyrir fyrirhugaða stækkun Kröflustöðvar. Fyrri holunni hefur vrið valinn staður á borteig K-34 sem er austan við Víti en seinni holan verður á borteig 25 sem er á austanverðum Vítismóa. Stækka þarf borteigana um 2000 m². hvorn. Báðar holurnar eru innan skilgreinds iðnaðarsvæðis á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

Kristján og Böðvar tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins, í þeirra stað komu Elín Steingrímisdóttir og Kári Þorgrímsson.

14. Erindi frá Ásgeiri Kristjánssyni, ósk um tengingu við vatnsveitur sveitarfélagsins fyrir frístunahús á lóð nr. 4 við Birkiland.

Borist hefur erindi frá Ásgeiri Kristjánssyni þar sem hann óskar eftir tengingu við vatnsveitur sveitarfélagsins fyrir frístundahús á lóð við Birkiland.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu en ljóst er að af tengingu getur ekki orðið fyrr en framkvæmdum við lagningu veitnanna verður lokið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.

